



STUC VESTRE

EPOXY STEINEFNASPARTL

VÖRULÝSING

Stuc Vestre er byltingarkennt efni, fullkomlega til þess fallið að nota á fleti sem mikið reynir á, svo sem gólf, votrými, borðplötur, eldhúsbakplötur o.fl. Stuc Vestre er vottað fyrir votrými.

Stuc Vestre sameinar bestu eiginleika steinefnaspartls og epoxý í útliti og styrk:

- 100% vatnspétt og rakapolið
- Engin mislitun frá vatni, fitu, sprungum, rispum o.s.frv.
- Sterkara en steinefni
- Fljótlegt – það má grunna og bera 2 umferðir af spartli á einum degi
- Auðvelt að blanda, langur vinnslutími
- Hentar bæði á lóðréttu og lárétta fleti – t.d. yfir flísar og á gólf með miklu álagi
- Einstaklega fallegt; hefur steinefnafegurð Stuc Granito og yfirburðastyrk epoxýefna

Stuc Vestre er tveggja þátta, vatnsleysanlegt expoxýspartl með möttu og náttúrulegu steinefnaútliti. Stuc Vestre er sérstaklega hannað fyrir fleti þar sem mikið álag er, t.d. gólf og votrými, en einnig fyrir vegg. Það hentar innandyrá á nánast hvaða fastan, stöðugan og sléttan flöt sem er; jafnt í íbúðarhúsnæði sem atvinnuhúsnæði, s.s. verslanir, veitingastaði, sýningarsali og skrifstofur. Stuc Vestre er einfalt og auðvelt efni í vinnslu, með miklum möguleikum í útliti og áferð. Efnið er þróað sem yfirborð í lagþykkt um 0,5 mm en þykktin fer auðvitað eftir undirlagi, fjölda umferða og því útliti sem sóst er eftir.

Athugið: Stuc Vestre er ekki hentugt fyrir gólf sem keyrt er yfir á gúmmídekkjum, t.d. bíla- eða hjóladekkjum.

Við mælum ávallt með að byrja á prófun. Litakerfið og litasýnishorn má sjá hjá Sérefnum, einnig hvernig mismunandi yfirefni (vörn) geta breytt ásjáð efnisins. *Við lagningu Stuc Vestre er eindregið mælt með fagmönnum með gagngera reynslu af efninu.*

Á YouTube er að finna fjölda fullfrágenginna verkefna og myndbanda sem sýna vinnulag við Stuc Vestre (<http://www.youtube.com/user/stoopenmeeus>). Tilvalinn staður að byrja á til að fá innblástur til framtíðarverkefna.

UMBÚÐASTÆRÐIR OG LITABLÖNDUN

Stuc Vestre kemur í tveimur hlutum; A-hluti er epoxýspartl og B-hluti er herðir. Samtals vegur settið 16 kg. Við val á litum er oftast notað 0,31%, 0,61%, 1,25% eða 2,5% (þyngdarhlutfall miðað við þyngd Stuc Vestre massans) af sérstöku litardufti sem eru staðlaðir litir einungis í Stuc Vestre litakorti. Litarefni eru afgreidd í 400 g pökkum (1 pakki í 16 kg af massa = 2,5% litarinnihald). ATH. Stuc Vestre litast á annan hátt en aðrar Stoopen & Meeus vörur þar sem undirtónn massans er annar en hinna efnanna. Litarefninu er blandað saman við hluta A.

UNDIRLAG OG GRUNNUR

Undirlag skal vera hreint, þurrt og laust við olíu, feiti og yfirborðsflögnun. Það er afar mikilvægt að þrifa vandlega fituga og óhreina fleti með Nordsjö Málartvätt og vatni. Glansandi yfirborð, t.d. flísar, skal matta með grófum sandpappír. Öll samskeyti ætti að líma yfir fyrst með trefjastyrktum borða til að forðast sprungumyndun. Ef undirlagið er gróft er mælt með að nota hraðþornandi fín múr fyrir grunnun, bæði á gólf og vegg. Grunnið ætíð með Stuc Resin Primer á gólf en Stuc Primer á vegg til að fá hámarksviðloðun og hagkvæmni í vinnslu.

Í nýjum votrýmum, svo sem sturtum í baðherbergjum, skal fyrst leggja rakapéttilag byggt á sementi. Mælt er með Botament rakapéttkerfi (sjá tækniblað fyrir Botament undirefni).

BLÖNDUN STEINEFNASPARTLSINS

Við litun er alltaf byrjað á að leysa litarefnið upp í A-hluta Stuc Vestre. Vélhræðið í 3-5 mínútur eða þar til mjúk, einsleit blanda fæst. Bætið síðan B-hlutanum (herðinum) saman við A-hlutann og hræðið aftur vel. Þegar efnið er sett á gólf eða lárétta fleti er gott að bæta við 1-2% vatni eftir samblöndun A- og B-hluta.

Stuc Vestre A-hluti blandast við B-hluta í hlutföllunum 10 á móti 1.

Gætið þess að magn Stuc Vestre blöndu sé nægilegt á allan þann flöt sem vinna á með. Blanda má viðbótarmagn meðan á vinnu stendur, þannig að hún verði óslitin. Notið blönduna innan 50-60 mínútna.

Eftir grunnun eru oftast 2 þunnar umferðir af Stuc Vestre bornar á með spaða. Ef flöturinn er ósléttur gæti þurft 3 umferðir.

SPÖRTLUN

Stuc Vestre er borið á með spartlspöðum í umferðum sem eru um 0,5 mm að þykkt. Sé undirlag slétt og jafnt, duga 2 umferðir (heilðarþykkt +/- 1 mm). Sé undirlag ójafnt, svo sem grófur múr eða flísar, er nauðsynlegt að jafna það fyrst með Ardex A31.

Gólf og votrými: Setjið 2 umferðir af Stuc Vestre yfir Stuc Resin Primer.

Veggir í þurrarými: 1 umferð nægir.

Leggið Stuc Vestre blönduna eins jafnt og unnt er með spaða og látið þorna. Strokmynstrið ákvarðar endanlegt útlit. Notkun vatns í síðustu umferð til að fá sléttari áferð (t.d. með úða eða rökum svampi) breytir ekki litnum á veggnum.

FRÁGANGUR - LÖKKUN

Réttur yfirborðsfrágangur Stuc Vestre er mikilvægur, sérstaklega á gólfum og votrymum. Ætíð skal verja Stuc Vestre með Stuc Resin PU80 hlífðarlakki. Það gefur nauðsynlega vörn og auðveldar þrif. Þússið létt yfir flötinn með sandpappír 120-150 fyrir lökkun til að tryggja góða viðloðun. Mælt er með 2 umferðum af Stuc Resin PU80 á gólf og votrými en a.m.k. 1 umferð á vegg. Leyfið Stuc Vestre að harðna í 12 klst. fyrir lökkun. Lakkið er snertipurrt á 3-6 klst. en gangið ekki á lökkuðum gólfum fyrr en eftir einn sólarhring.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR			
Vöruform og blöndunarhlutföll	A-hluti epoxý (10) á móti B-hluta herði (1). StucVestre kemur í setti af 14,5 kg (A) og 1,5 kg (B).	Þurrktími	Snertipurrt eftir 1-2 klst, fer eftir lagþykkt og umhverfis-aðstæðum. Seinna lag eftir 6-24 klst
Undirlag	Þurrt og stöðugt	Þrýstistyrkur	> 60 MPa (UNI 13892-2)
Litun	Stuc Vestre er litað með Stopen & Meeüs duftlitarefnum (0,31%, 0,62%, 1,25%, 2,5%, hámark 5% litarefni – 50 g, 100 g, 200 g, 400 g, hámark 800 g á hver 16 kg).	Viðloðun	Viðloðun á steypu > > 1.5 MPa (ASTM D 4541)
Þurrefni	88-92 % (ASTM D2369)	Endanleg hörðun	Fullharðnað á 1 viku, ganga má á yfirborði 1 sólarhring eftir þornun
Umferðafjöldi	1-2 umferðir yfir Stuc Primer grunninn, fer eftir svæði og álagi	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiiti sé á bilinu 15-25°C. Forðist beint sólarljós og dragsúg. Rakastig <70%
Efnisnotkun	Um 0,550 kg/m ² á lag og um 0,5 mm lagþykkt á slétt undirlag. Efnisnotkun fer mikið eftir aðferð	Geymsluþol í lokuðum umbúðum	12 mánuðir á þurrum stað við minnst 10°C
Notkunartími eftir blöndun	50-60 mín miðað við 20°C	Þynning	Helst ekki þynna á lóðrétt yfirborð. Á lárétt yfirborð má bæta við 0-3% vatni.



ATHUGIÐ

Blandið Stuc Vestre steinefnaspartl utandyrar eða tryggð góða loftræstingu við blöndunina. Notið hanska/hlífðarfatnað/aughlífar/andlitshlífar.

HÆTTA HLUTI A: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Notið hlífðarhanska og augn-/andlitshlífar. Forðist að anda að ykkur ryki/reyk/gasi/poku/mistri/úða. Ef húðerting eða útbrot koma fram: Leitið læknisráða/aðstoðar. Fjarlægið mengaðan fatnað og þvoið hann áður en hann er notaður aftur.

HÆTTA HLUTI B: Veldur alvarlegri ertingu í augum. Veldur ertingu í húð. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Notið hlífðarhanska og augn-/andlitshlífar. Forðist að anda að ykkur ryki/reyk/gasi/mistri/gufu/úða. Ef húðerting eða útbrot koma fram: Leitið læknisráða/aðstoðar. Ef augnerting varir: Leitið læknisráða/aðstoðar. Þvoið hendur vandlega eftir meðhöndlun. Fjarlægið mengaðan fatnað og þvoið hann áður en hann er notaður aftur.

VOC innihald á blöndu mest 25 g/L (án vatns).

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar, www.serefni.is.